

ÁRSSKÝRSLA

2020



Samskiptamiðstöð
heyrnarlausra og heyrnarskertra



Efnisyfirlit



Ávarp forstöðumanns	3
Stefna og meginmarkmið	6
Skipurit	7
Mannauður og innra starf	8
Starfsemin	16
Rannsóknir og þróun	17
Táknmálskennsla	22
Túlkajónusta	26
Önnur starfsemi	34
Starfsfólk Samskiptamiðstöðvar	36



Ávarp forstöðumanns



Árið 2020 hófst með nokkuð venjubundum hætti. Fyrirætlanir um áframhaldandi áherslu á kjarnastarfsemi, að mestu í óbreyttri mynd, stóðust á fyrstu tveimur mánuðum ársins. Staðkennsla ÍTM var á öllum skólastigum, staðtúlkun milli íslensku og ÍTM var í öllum aðstæðum í lífi táknaðsfólks í bland við myndsíma- og fjartúlkun, rannsóknir voru stundaðar á ÍTM, máltöku og táknaðssamskiptum þvert á landamæri, ráðgjöf var veitt fjölskyldum barna með skerta heyrn í heimahúsum og unnið var að varðveislu ÍTM í samstarfi við málhafa.

Dagur íslenska táknaðsins, 11. febrúar, reis bjartur og fullur vonar um betri tíð framundan. Félag heyrnarlausra, sem fagnaði 60 ára afmæli þennan dag, stóð fyrir viðburði á Bessastöðum þar sem fulltrúar stjórnvalda, stofnana, nefnda og hagsmunasamtaka sem vinna í þágu ÍTM voru fengnir til undirritunar sáttmála Alheimssamtaka heyrnarlausra um rétt allra til táknaðs. Ísland varð fyrst ríkja heims til að undirrita sáttmálann. Markmiðið var að í framhaldi myndu þeir aðilar sem undirrituðu sáttmálann sýna það í verki að málhafar ÍTM í nútíð og framtíð njóti þeirra réttinda sem lög og alheimssáttmálar kveða á um.



Við undirritun sáttmála Alheimssamtaka heyrnarlausra um rétt allra til táknaðs á Bessastöðum 11. febrúar 2020. Frá vinstri í efri röð: Hanna Halldóra Leifsdóttir sérkennslufulltrúi hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands, Óskar Haukur Nielsson sérfræðingur hjá Menntamálastofnun, Margrét Stefánsdóttir formaður Foreldra- og styrkafélags heyrnardaupra, Krístrún G. Guðmundsdóttir skólastjóri Hlíðaskóla og Guðrún Jóna Thorarensen skólastjóri Leikskólans Sólborg. Frá vinstri í neðri röð: Kristín Lena Þorvaldsdóttir forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar, Heiðís Dögg Eiríksdóttir formaður Félags heyrnarlausra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra, Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir verndari táknaðs á Norðurlöndum og Bryndís Guðmundsdóttir formaður Málnefndar um íslenskt táknað. Svandís Svavarssdóttir heilbrigðisráðherra og Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra undirrituðu sáttmálann nokkrum dögum síðar.



Nokkrum dögum síðar gaf Veðurstofa Íslands í fyrsta skipti út rauða viðvörun fyrir höfuðborgarsvæðið vegna yfirvofandi óveðurs og Ríkislögreglustjóri lýsti yfir óvissustigi Almannavarna fyrir allt landið af sömu ástæðu. Ákvörðun var tekin um að loka skrifstofu Samskiptamiðstöðvar í fyrsta skipti vegna veðurs og senda starfsfólk heim til sín. Þessi atburður var á þessum tíma talinn einstakur og engan óraði fyrir því sem átti eftir að gerast aðeins tveimur vikum síðar þegar Ríkislögreglustjóri lýsti yfir hættustigi almannavarna vegna Covid-19 faraldursins.

Framhaldið þekkja allir; sóttkví, 2 metra regla, samkomutakmarkanir, skimanir, grímuskylda, ferðatakmarkanir, fjarvinna og heimavinnustöðvar. Samskiptamiðstöð fór ekki varhluta af þessum breytta veruleika. Allri þjónustu sem veitt hafði verið inni á stofnuninni var hætt, s.s. kennslu og ráðgjöf og hún færð utan stofnunar eða henni breytt í fjarþjónustu. Tækjabúnaður stofnunarinnar var uppfærður svo fólk hefði tækifæri til að sinna fjarþjónustu bæði innan og utan stofnunarinnar og fjarvinnu heiman frá sér. Starfsmannahópnun var skipt upp í tvo sóttvarnarhópa sem unnu aðra vikuna á stofnuninni og hina heima hjá sér og hóparnir hittust ekki frá hausti og fram á mitt árið 2021. Þessar ráðstafanir voru nauðsynlegar til að tryggja að þjónusta stofnunarinnar leggjðist ekki niður ef upp kæmi smit í starfsmannahópi. Sérstaklega var horft til þess að tryggja samtímistúlkun á tilkynningum sóttvarnaryfirvalda og sjónvarpstúlkun beinna útsendinga. Einstaka starfsmaður stofnunarinnar þurfti að fara í úrvinnslusóttkví eða sóttkví með börnum sínum en ekkert smit kom upp í starfsmannahópi.

Samkomutakmarkanir höfðu óneitanlega áhrif á eftirspurn eftir þjónustu Samskiptamiðstöðvar. Fólk hélt sig heima við í stað þess að fara á viðburði þar sem táknmálstúlkun hefði farið fram, fólk skráði sig síður á námskeið, s.s. táknmálsnámskeið og þeir staðir þar sem kennsla fór fram, s.s. leik-, grunn-, framhalds- og háskólar ýmist lokuðu fyrir utanaðkomandi aðila eða lokuðu með öllu. Starfsfólk Samskiptamiðstöðvar var fljótt að taka við sér og aðlaga þjónustuna að aðstæðum hverju sinni. Fjarkennsla, fjartúlkun, fjarráðgjöf og fjarfundir urðu þær leiðir sem nýttar voru til að sinna þjónustu við viðskiptavinum stofnunarinnar. Þá jókst eftirspurn eftir táknmálstúlkun í sjónvarpi verulega, bæði túlkun á fréttum en einnig öðrum sjónvarpsviðburðum og Almannavarnir óskuðu eftir táknmálstúlkun á upplýsingafundum sínum. Íslenskt táknmál varð því mun sýnilegra landsmönnum en verið hafði og var það að mati margra í táknmálssamfélaginu ljósi punkturinn í því svarta ástandi sem ríkti á þessum tíma.

Sú breyting sem varð á þekkingu, bæði starfsfólks og viðskiptavina stofnunarinnar, á kostum fjarþjónustu voru einnig mikilvægt framfararskref fyrir stofnunina. Árið 2019 hafði verið sett á fót tilraunaverkefni í fjartúlkun sem fékk hvorki miklar undirtektir frá starfsfólki né viðskiptavinum og fjarkennsla hafði verið í farvatninu um nokkurt skeið en hafði ekki komist á skrið. Það dugði ekkert minna en heimsfaraldur til að koma fjarþjónustu stofnunarinnar á næsta stig þannig að fólk áttaði sig á kostum slíkrar þjónustu fyrir viðskiptavinum en einnig með tilliti til umhverfissjónarmiða og hagkvæmni í rekstri.



Undir lok árs var ársskýrsla Samskiptamiðstöðvar 2019 birt í fyrsta skipti á íslensku táknmáli og stofnunin hélt upp á 30 ára afmæli í anda ástandsins – fjarskemmtun og fjarfyrirlestra, þar sem farið var yfir starfsemi stofnunarinnar í máli og myndum á liðnum þremur áratugum. Í þeirri von að ástandið í heiminum yrði skrárra árið 2021 var ákveðið að afmælisári stofnunarinnar yrði fagnað með fjölbreyttum hætti árið 2021 og árinu 2020 leyft að renna sitt skeið á enda.



Kristín Lena Þorvaldsdóttir

Kristín Lena Þorvaldsdóttir
forstöðumaður





Stefna og meginmarkmið



Meginhlutverk Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra er að stuðla að því að fólk sem talar íslenskt táknmál geti sótt þjónustu, sem veitt er í þjóðfélaginu, á grundvelli íslensks táknmáls. Þetta gerir stofnunin með rannsóknum á íslensku táknmáli, kennslu íslensks táknmáls, námsefnisgerð á íslensku táknmáli, framleiðslu menningarefnis á íslensku táknmáli og túlkaþjónustu á milli íslensks táknmáls og íslensku.


Samskiptamiðstöð er málstöð íslensks táknmáls. Starf stofnunarinnar skal sérstaklega nýttast þeim sem nota íslenskt táknmál til daglegra samskipta við aðra, svo sem döff, heyrnarskertum, fólki með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu og fjölskyldum þeirra. Sérstök áhersla skal lögð á þjónustu við börn á máltökualdri og nemendur á öllum skólastigum. Samskiptamiðstöð hefur forystu í sérhæfðri þjónustu sem stuðlar að þátttöku fólks sem talar íslenskt táknmál. Á Samskiptamiðstöð er sköpuð ný þekking á starfssviði stofnunarinnar, þekkingu er safnað, hún er þróuð og henni er miðlað.



Skipurit



Forstöðumaður, aðstoðarforstöðumaður og sviðsstjórar táknaálssviðs og túlkabjónustu mynda framkvæmdastjórn stofnunarinnar. Aðstoðarforstöðumaður stýrir aðföngum, reikningshaldi og málaskrá og sinnir gæða- og öryggismálum. Þá veitir hann forstöðumanni aðstoð við rekstur og fjármál, áætlanagerð og mannauðsmál. Sviðsstjóri túlkabjónustu er næsti yfirmaður starfsmanna túlkabjónustunnar; fagstjóra túlkunar, verkefnastjóra á sviði stað- og fjartúlkunar, táknaálstúlka og starfsmanns skrifstofu túlkabjónustu. Sviðsstjóri táknaálssviðs er næsti yfirmaður starfsmanna táknaálssviðs; fagstjóra kennslu og rannsókna, verkefnastjóra á sviði kennslu, ráðgjafar, námsefnisgerðar, varðveislu og miðlunar, táknaálskennara, leiðbeinenda, aðstoðarmanna í rannsóknum og varðveislu og umsjónaraðila myndvers.





Mannauður og innra starf



Ársverk á stofnuninni árið 2020 voru 21,5. Í lok árs 2020 voru starfsmenn 29 talsins og hafði fóstum stöðum því fjölgað um tvær frá árinu áður. Starfsmenn í túlkabjónustu voru í lok árs 14 talsins, þar af einn í fæðingarorlofi. Ársverk í túlkabjónustu voru 9,6. Í lok árs voru starfsmenn á táknmálssviði 13 talsins. Ársverk á táknmálssviði voru 9,9. Starfsfólk beggja sviða vann einnig að stökum verkefnum þvert á svið. Þá unnu forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður utan sviða, alls 2 ársverk. Fjórar stöður voru auglýstar á árinu. Tvær fastar stöður táknmálstúlka, ein staða táknmálstúlks í afleysingu vegna fæðingarorlofs og hálf staða táknmálsskennara vegna fjölgunar verkefna á því sviði og nauðsynlegrar nýmönnunar.

Heildarfjöldi starfsmanna í lok árs 2020:

29 starfsmenn


Í túlkabjónustu : **14**

Á táknmálssviði : **13**

Utan sviða : **2**



- **82,8 %** starfsmanna hafa lokið háskólamenntun.
- Meðalstarfsaldur **12,7 ár.**
- Lengstur samanlagður starfsaldur **24 ár.**



Í lok árs var hlutfall karla tvöfalt herra en við lok árs 2019 eða 14% og kvenna 86%. Alls hafði 82,8% starfsmanna lokið háskólamenntun. Þá var meðallífdur starfsmanna 44,1 ár í lok árs og meðalstarfsaldur 12,7 ár. Á stofnuninni starfaði starfsmaður sem hafði hafið störf á fyrsta starfsári stofnunarinnar en unnið á stofnuninni með hléum. Lengsti samanlagði starfsaldur hjá stofnunni við lok árs 2020 var rúm 24 ár.

Á stofnuninni starfar fólk með ólík tungumál sem fyrsta mál. Í lok árs höfðu 17,2% starfsmanna íslenskt táknmál sem fyrsta mál, 75,9% höfðu íslensku sem fyrsta mál og 6,9% höfðu annað raddmál eða táknmál sem fyrsta mál. Vinnumál á Samskiptamiðstöð er íslenskt táknmál, allir starfsmenn tala málið og starfsmannafundir fara að jafnaði fram á íslensku táknmáli.

Fyrsta mál starfsmanna:

Íslenskt táknmál : **17,2 %**

Íslenska : **75,9 %**

Annað táknmál
eða raddmál : **6,9%**





Reglugerðir heilbrigðisráðherra um sóttvarnir höfðu bæði áhrif á innra og ytra starf stofnunarinnar. Viðbragðsáætlun stofnunarinnar var endurskoðuð í samræmi við fyrirmæli yfirvalda. Tækjakostur stofnunarinnar var endurnýjaður að nokkru leyti vegna aukinnar fjarvinnu og funda sem fóru í gegnum fjarfundarbúnað, myndavélar þurftu að vera góðar svo táknmálið hökti ekki og væri skýrt, netsnúrur og fleira var keypt til að gera starfsfólki kleift að vinna heiman frá sér. Starfsmenn unnu stóran hluta sinnar vinnu heiman frá sér og fékk hluti starfsmanna fartölvu í stað borðtölvu til að auðvelda fjarvinnu og flutning vinnuástöðu milli heimilis og vinnustaðar. Starfsmannahópnum var skipt í tvo sóttvarnarhópa og hver hópur vann aðra hverja viku á Samskiptamiðstöð og hina vikuna heima. Hóparnir hittust hvorki innan né utan stofnunar svo mánuðum skipti en skiptust á hughreystandi kveðjum og sáust á fjarfundum. Einstaka starfsmaður stofnunarinnar þurfti að fara í úrvinnslusóttkví eða sóttkví með börnum sínum en ekkert smit kom upp í starfsmannahópi. Þá höfðu lokanir leik- og grunnskóla vegna smita sem komu áhrif á viðveru starfsmanna og möguleika þeirra til staðvinnu aðra hvora viku.



Starfsmannafundur á Samskiptamiðstöð fara að jafnaði fram á íslensku táknmáli, þessi vörfundur var haldinn í gegnum fjarfundarbúnað. Allir starfsmenn þurfa að vera í mynd á starfsmannafundum þar sem íslenskt táknmál er sjónrænt mál.



Sóttvarnarhópar skildu eftir kveðjur til hins hópsins á víxl eftir vikuna.

Undirbúningur verkefnisins *Betri vinnutími* hófst og skipuð var vinnutímanefnd úr hópi stjórnenda og starfsmanna. Nefndin hafði það verkefni að skoða með hvaða hætti stytta mætti vinnuviku starfsmanna í samræmi við heimild í kjarasamningum án þess að slík stytting kæmi niður á þjónustu við viðskiptavini eða hefði í för með sér aukinn kostnað fyrir stofnunina. Að lokinni rannsóknarvinnu nefndarinnar kusu starfsmenn um hámarksstyttingu vinnutíma sem tekin yrði út einu sinni í viku.

Heimavinna var fyrirferðarmikil og einvera fór misvel í starfsfólk og því þurfti að huga að leiðum til eflingar bæði andlegrar og líkamlegrar heilsu starfsmanna. Á árinu stóð heilsuefningarhópur sem starfar á stofnuninni fyrir ýmsum heilsuefandi atburðum í fjarfundarbúnaði og meðlimir hópsins sóttu upplýsingar um heilsu og miðluðu áherslum til starfsmannahópsins. Leyfi var fengið hjá Virk / Velvirk og Embætti landlæknis fyrir því að fræðslufni frá þeim yrði túlkað á ÍTM og miðlað til starfsfólksins. Auk þess gaf Ingrid Kulman leyfi til þess að táknmálstúlka glærur frá henni, starfsfólki til gagns og gamans. Það var gert og ýmsir heilsuefandi pistlar sendir á starfsfólk.

Fjarkaffiáskoranir voru einnig sendar til að hvetja starfsfólk til að halda og efla samskipti meðal starfsfólks bæði innan og utan sóttvarnarhólfa í fjarvinnu. Þessi áskoran heppnaðist sérstaklega vel auk þess sem boðið var upp á stutta fjarhópleikfimi á föstudegi.



Forstöðumaður og verkefnastjóri hóps um heilsueflingu sóttu nokkur málþing á vegum Virk, Landlæknisembættis og Vinnuverndar um heilsueflingu á vinnustöðum. SHH sótti um að taka þátt í tilraunaverkefni um heilsueflandi vinnustaði en ásókn var því miður það mikil að við komumst ekki að í þetta sinn. Meðal fræðslu sem þær sóttu var: Jákvæðir starfhættir á heilsueflandi vinnustað, Unnið að heilsueflandi viðmiðum, Fjarvinna og staðvinna, Stoðkerfisheilsa, Virkjum góð samskipti, Kulnun og svo Jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Samvinna við Gallup hélt áfram á árinu og var starfsmönnum boðið að taka styrkleikamat hjá Gallup (CliftonStrength). Það var gert til hægt væri að vinna með styrkleika starfsfólks en talið er að starfsfólk sem nýtir styrkleika sína sé 6 sinnum líklegra til að verða helgað í starfi og 15% ólíklegra til að hætta í starfi. Þar sem við höfum starfsfólk með afar sértæka menntun og reynslu sem er ekki auðfengin er afar dýrmætt að hlúa að því. Áætlað er að vinna áfram með styrkleikamatið á komandi árum. Þá eru árlega tekin þrjú stutt starfsmannasamtöl við hvern starfsmann og hefur hvert þeirra ákveðið þema. Ákveðið var að bæta við fjórða samtalinu á árinu og taka sérstaklega fyrir líðan fólks í heimsfaraldri og kanna með því hvort stofnunin gæti með einhverjum hætti aðstoðað fólk á erfiðum tímum.

CliftonStrengths®

Starfsfólk tók Clifton styrkleikamat og settu upp sína topp fimm styrkleika sýnilega samstarfsfólki.

1. CliftonStrengths
CliftonStrengths

2. Empathy
E
Skyn
annar
setja sig
a

3. Empowerment
E
Skyn
annar
setja sig
a

4. Adaptability
Adaptability
Kýs að fjjóta með
straumnum. Hefur þá
tilhneigingu til að vera í
"í-núinu" og taka
hlutunum þegar þeir
koma og uppgötva
framtíðina einn dag í
einu

5. Responsibility
Respon
Tekur fulla ábyr
sinum og fra
þeirra. Fylg
stöðugum gildu
heiðarleika o



Upplýsingastreymi gjörbreyttist innan stofnunarinnar, örfundir voru innleiddir á báðum sviðum þannig að daglega voru sviðsfundir í nokkrar mínútur í byrjun dags og var mikil þörf á þeim, sérstaklega þegar starfsmenn hittust sjaldan og unnu í fjarvinnu. Upplýsingafundir fyrir alla starfsmenn voru einnig innleiddir en þeir voru stuttir og hnitmiðaðir en þannig náðist vel að halda öllum upplýstum og allir starfsmenn hittust (sáust) a.m.k. vikulega. Þá voru haldnir daglegir stöðufundir í framkvæmdastjórn og lengri hálfsmánaðarlegir fundir á báðum sviðum og í framkvæmdastjórn.

Stjórnendur sóttu ýmis námskeið og fyrirlestra eins og Launaskólann og gerð Umhverfisstefnu hjá Starfsmennt, fyrirlestur um stjórnun á umrótartímum á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála. Nánast voru allar ráðstefnur og kynningarfundir rafrænir sem sóttir voru. Túlkar áætluðu að taka þátt í norrænni ráðstefnu túlka á norðurlöndunum en hún frestaðist fram í janúar 2021. Oliver Pouliot tákn málstúlkur kom til landsins í febrúar og hélt erindi á SHH um alþjóða táknun en Oliver sérhæfir sig í túlkun á milli ensku og alþjóða táknunar (international signing).

Nokkrir starfsmenn hlýddu á erindi Rannveigar Sverrisdóttur lektors í tákn málsfræðum á Hugvísindapingi um tvær íslenskur, íslenska sem annað mál og íslenskt tákn mál. Nedelina Ivanova fagstjóri rannsókna hélt nokkur erindi á árinu. Það voru erindi um þróun íslenska tákn málsins, um málfræðilega uppbyggingu snertimáls, um mállega hegðun einstaklinga sem alast upp með tákn- og raddmál ásamt erindi um stöðu rannsókna á SHH í tilefni 30 ára afmælis stofnunarinnar. Nedelina var einnig meðhöfundur tveggja annarra erinda en komst sjálf ekki á ráðstefnurnar. Hún sótti rafræna gagnvirka fundi DeafBlindInternational.

Kennsla á Office 365 var í boði fyrir alla starfsmenn en síðan hjálpaðist fólk að við að læra og vinna á fjarvinnuforrit eins og Zoom og Teams vegna þjónustunnar.



Fjarfræðsla um Office 365 þar sem starfsfólk SHH naut leiðsagnar Guðmundar Helga, fulltrúa Premis.



Þá voru þrír starfsmenn Samskiptamiðstöðvar í háskólanámi með vinnu á árinu; einn lauk diplómanámi í opinberri stjórnslu, annar vann að meistararannsókn í tengslum við undirbúning táknmálstúlka og sá þriðji vann að meistararannsókn á viðurkenningu ÍTM og áhrifum hennar á stöðu málsins. Sjálfbær fræðsla var haldin á stofnuninni reglulega. Nedelina hélt tvö erindi fyrir alla starfsmenn SHH, annars vegar almennt um CEFR og hins vegar um verkefnið söfnun gagna um máltöku á ÍTM. Hún hélt þrjá fyrirlestra fyrir túlkahópinn (um máltöku táknmálsbarna, hugtök sem tengjast tvítyngi og um lestur) og fjóra fyrir starfsfólk táknmálsviðs um CEFR en útbúnir voru 10 fyrirlestrar um CEFR sem eru aðgengilegir öllum starfsmönnum.

Á vormisseri höfðu háskólanemar í táknmálstúlkun aðgang að einni kennslutofu á SHH. Þar voru þeir við verkefnavinnu og gátu leitað til starfsfólks eftir aðstoð ef þurfti á að halda. Þegar stofnunin lokaði fyrir utanaðkomandi vegna Covid-19 þurftu nemarnir frá að hverfa.

Tveir nemar fengu styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna til að vinna að vasaorðabók fyrir ÍTM og var veitt vinnuaðstaða á stofnuninni yfir sumartímam til að vinna verkefnið. Þannig höfðu þeir aðgang að málhöfum og starfsmönnum til ráðgjafar.

Þar sem stofnunin hefur aðgang að rúmgóðum sölum á fyrstu hæð hússins gátum við, þrátt fyrir lokun fyrir utanaðkomandi gesti, tekið á móti tveimur framhaldsskólanemendum úr FS til okkar. Þessir salir eru aðgengilegir fyrir allar stofnanir á Grensásvegi 9 og nýttum við þá óspart til að geta haldið úti kennslu þrátt fyrir erfitt ástand.

Ný heimasíða Samskiptamiðstöðvar var unnin árin 2019 og 2020. Markmiðið var að endurhanna heimasíðuna þannig að efni sem er birt, sé bæði aðgengilegt á íslensku og ÍTM og að fréttaflokkurinn endurspegli starfsemi stofnunarinnar hverju sinni á þægilegan hátt. Eins var Facebook síða stofnunarinnar notuð í meira mæli til að ná til viðskiptavina og almennings til upplýsingagjafar.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra fékk úthlutað eins hektara landnemaspildu í Heiðmörk hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Föstudaginn 25. september 2020 í alþjóðavíku döff, var Táknmálslundur formlega opnaður á þeirri landnemaspildu þegar vaskir starfsmenn Samskiptamiðstöðvar og félagsmenn í Félagi heyrnarlausra komu saman og gróðursettu þar 90 tré. Samskiptamiðstöð gaf Félagi heyrnarlausra 60 tré í tilefni 60 ára afmælis félagsins þann 11. febrúar og Félag heyrnarlausra gaf Samskiptamiðstöð 30 tré í tilefni 30 ára afmælis stofnunarinnar 31. desember.



Starfsmenn SHH og félagsmenn FH þegar Táknmálslundurinn var opnaður og fyrstu trén gróðursett


Táknmálslundur er hugsaður sem samveru- og áningarstaður táknmálssamfélagsins á Íslandi. Þar verður hægt að planta trjám sem koma til með að veita framtíðarkynslóðum táknmálstalandi barna og fjölskyldum þeirra skjól til samverustunda. Hver sá sem vill planta trjám í þágu íslensks táknmáls og skógræktar getur haft samband við Samskiptamiðstöð, sem kemur til með að hafa umsjón með lundinum. A.m.k. einu sinni á ári verður blásið til gróðursetningardags þar sem þeir sem vilja geta komið saman, plantað trjám og átt góða táknmálsstund saman.



Iðunn Bjarnadóttir og Hólmfríður Þóroddsdóttir við gróðursetningu



Líkt og fyrri ár var jólakveðja starfsfólks jólalag sem var örlítið flóknari í framkvæmd í þetta sinn vegna samgöngutakmarkana.



Jólakveðja Samskiptamiðstöðvar 2020 á Signwiki.is, Lagið Snjókorn falla, flutt á ÍTM, ýtið á ÍTM takkann til vinstri til að horfa.

Afmæli Samskiptamiðstöðvar var haldið rafrænt 18. desember 2020 í gegnum Teams fjarfundarbúnað. Athöfnin hófst með ávarpi Lilju D. Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra og ávarpi Kristínar Lenu Þorvaldsdóttur forstöðumanns SHH. Myndir og myndbrot voru sýnd og farið yfir starfseminu sem spannar þrjátíu ár. Fyrirlestrana fluttu starfsmenn SHH þær Júlía G. Hreinsdóttir fagstjóri kennslu, Nedelina Ivanova fagstjóri rannsókna og Árný Guðmundsdóttir fagstjóri túlkunar. Viðburðurinn tókst vel og þótti skemmtilegur og fræðandi.



Starfsemin



Unnið er að rannsóknum á íslensku táknmáli í samvinnu við Háskóla Íslands, undir formerkjum Rannsóknastofu í táknmålsfræðum og erlenda fræðimenn. Fræðasviðin eru málfræði, máltökufraði, kennsla og túlkun. Þá er unnið að varðveislu íslensks táknmåls og söfnun í gagnagrunn sem nýtist til rannsókna og við gerð málheildar fyrir íslenskt táknmál.

Kennsla íslensks táknmåls á vegum Samskiptamiðstöðvar fer fram á öllum stigum innan skólakerfisins. Innan leik-, grunn- og framhaldsskóla eru kennd stök námskeið og öll færninámskeið innan táknmålsfræði við Háskóla Íslands eru kennd af starfsfólki Samskiptamiðstöðvar. Einnig sér stofnunin um fræðilega kennslu í túlkanámi og verklega þjálfun túlkanema við háskólann auk tilfallandi kennslu í öðrum námskeiðum í táknmålsfræði- og táknmálstúlkun. Boðið er upp á ýmis konar námskeið eins og til dæmis táknmålsnámskeið fyrir almenning á stofnuninni, námskeið fyrir starfsmannahópa, helgarnámskeið fyrir fjölskyldur barna með skerta heyrn og fjölskyldur táknmálstalandi einstaklinga og einstaklingskennslu fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn og fullorðna og börn og fullorðna með samþætta sjón og heyrnarskerðingu.

Á stofnuninni er unnið að námsefnisgerð fyrir kennslu stofnunarinnar í íslensku táknmáli, ýmsum þýðingum frá íslensku yfir á íslenskt táknmál. Ævintýrið um Augastein var þýtt og styrkur fékkst frá tónlistarsjóði Rannís til að túlka nokkur barnalög og er þetta allt aðgengilegt á SignWiki.



Iðunn Ása Óladóttir táknmálstúlkur túlkar umræðubátt um Covid-19 á Rúv.

Túlkabjónusta á milli íslensks táknmåls og íslensku er veitt frá stofnuninni. Vinna túlka fer fram þar sem þjónusta samfélagsins er veitt s.s. í skólum eða á heilbrigðisstofnunum, fundum eða þar sem táknmálstalandi fólk sækir þjónustu eða á samskipti við fólk sem reiðir sig á íslensku til tjáningar og samskipta. Mikil samvinna var á milli sviða vegna táknaöfnunar og hugtakavinnu þar sem sérstaklega var unnið með ný tákni og hugtök tengd Covid-19 auk annara hugtaka sem vantaði tákni yfir.



Dá veitir Samskiptamiðstöð þeim sem til hennar leita aðra þjónustu sem tengist samskiptum á íslensku táknmáli, s.s. máltökuráðgjöf og stuðlar að þátttöku táknmálstalandi fólks í íslensku samfélagi. Samskiptamiðstöð vinnur einnig að því að safna og skrá málsýni úr íslensku táknmáli og varðveita þannig mikilvæg menningarverðmæti táknmálssamfélagsins.

Rannsóknir og þróun

Meginmarkmið rannsókna er að fá betri skilning á eðli íslensks táknmáls og táknmálssamskipta, máltöku barna í gegnum íslenskt táknmál, túlkun, kennsluaðferðum og námsefnisgerð á íslensku táknmáli. Unnar eru rannsóknir á táknmálssamskiptum og íslensku táknmáli, unnið að þróun prófa og greiningartækja og aðferða við kennslu táknmáls, þá er unnið að þróun námsefnis, hugbúnaðarþróun, ásamt nýsköpun á sviði túlkunar og táknmálssamskipta. Fræðimenn á Samskiptamiðstöð eru aðilar að Rannsóknastofu í táknmálssfræðum, samstarfsvettvangi Samskiptamiðstöðvar og Málvísindastofnunar Háskóla Íslands og eru rannsóknir stofnunarinnar unnar undir formerkjum hennar.

Í upphafi árs 2019 var undirritaður samstarfssamningur milli Samskiptamiðstöðvar og Háskóla Íslands sem miðaði að því að efla rannsóknir á ÍTM og döff fræðum og kennslu í táknmálssfræði og táknmálstúlkun, sem og kynningu á íslensku táknmáli og menningarsamfélagi þeirra sem nota málið. Á grunni þess samnings voru eftirtalin verkefni unnin á SHH:

- Rannveig Sverrisdóttir lektor í táknmálssfræðum fékk aðstöðu á SHH í rannsóknarleyfi sínu.
- Tveir nemandar í táknmálssfræðum fengu styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna fyrir verkefnið „Vasatáknmálssorðabók í ÍTM handa heyrandi foreldrum heyrnarlausra barna“ og unnu táknmálssfræðinemarnir að verkefninu á SHH yfir sumartímamann undir leiðsögn og umsjón Nedelinu Ivanovu.
- Guðný B. Þorvaldsdóttir vann styrkumsókn fyrir málheild ÍTM.
- Umræður milli starfsmanna HÍ og SHH um ýmis rannsóknarverkefni héldu áfram.
- Samstarf var við Branislav Bedi í Árnastofnun um verkefni sem hlaut styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna.
- Tveir aðilar rannsóknastofunnar annar frá SHH voru skipaðir í starfshóp um málstefnu ÍTM. Áætlað er að Málstefnan komi út vorið 2021.



Þau rannsóknarverkefni sem unnið var að á árinu voru fjölbreytt og mörg:


- Vinna við innleiðingu CEFR hélt áfram, en verkefnið snýst um að aðlaga námsefni og kennslu í ÍTM að evrópskum tungumálaramma.
- Samstarfsverkefnið Educational standards for Polish Sign Language (Menntunarstaðlar fyrir pólskt táknmál) hófst með formlegum hætti í apríl 2020. Samstarfsaðilar í Póllandi eru Háskólinn í Warsjá og Félag heyrnarlausra í Lodz. SHH gegnir ráðgjafarhlutverki varðandi vinnu með CEFR viðmiðin fyrir pólskt táknmál.
- Kaup á kennsluefni í táknmáli fyrir fjölskyldur táknmálstalandi barna: tveir fundir haldnir með Joni og Mathilde. Vegna Covid-19 hefur verkefnið ekki fylgt áætlun. Gögnin áttu að vera komin til Íslands fyrir jól 2020 en þau voru það ekki.
- Samstarfið við norræna teymið um snertimál (e. tactile language) hélt áfram. Teymið hélt rafræna kynningu á rannsóknum á sviðinu og var Nedelina með erindið Tactile language: The essence.
- Samstarfi við dr. Helenu Koulidobrovu lauk á árinu. Covid-19 setti því miður svip sinn á verkefnið vorið 2020. Í byrjun júní 2020 þurfti SHH að endurskoða verkefnið sem unnin eru á stofnuninni í breyttum veruleika vegna faraldursins og í tengslum við önnur verkefni á stofnuninni. Ákveðið var því í samráði við dr. Helenu Koulidobrovu að ljúka verkefnið.
- Vinna við málþroskarannsóknir hélt áfram. Unnið var að söfnun gagna og áframhaldandi þróun á einstaklingsmiðuðu stöðumati í færni á íslensku táknmáli. Ein samskiptagreining unnin. Byrjað á einu stöðumati á færni í ÍTM í lok desember 2020 (klárast 2021).
- Verkefnið Söfnun gagna um máltöku á ÍTM til þriggja ára þar sem fylgst er með málþroska döfð barns döfð foreldra frá fæðingu hélt áfram.
- Vinna að formlegri lýsingu á stigum á máltöku á grundvelli safnaðra gagna hélt áfram.
- Þróunarverkefni í móðurmálskennslu í ÍTM í tengslum við samstarfsverkefni Samskiptamiðstöðvar og Reykjaneshæjar um grunnskólakennslu.



- Grunnskólakennsla fyrir Reykjanesbæ, námsmat og skráning á kennsluaðferðum og öllu ferli. Mikið var lagt upp úr því að skila ítarlegu námsmati fyrir nemendurna í lok verkefnisins. Söfnun þekkingar starfsmanna í tengslum við grunnskólakennsluna fór fram. Markmið vinnunar var að skrá forsöguna, söguna sjálfa ásamt því að lýsa kennsluaðferðum, námsmati, verkefnum o.s.frv. Skýrsla var samin um verkefnið til að halda utan um þekkinguna.
- Áframhaldandi vinna við gerð handformaplakats fyrir börn þar sem handform íslensks táknmáls eru sýnd ásamt myndum af fyrirbærum sem vísa til tákna sem m.a. eru mynduð úr handformunum. Valin voru 33 handform að rannsóknarvinnu lokinni. Ætlunin er að gefa plakatið út í tilefni 30 ára afmælisárs Samskiptamiðstöðvar 2020/2021.
- Undirbúningur fyrir samstarfsverkefnið Lestur fyrir táknmálstalandi börn lauk á árinu. Ekki var hægt að hefja námskeiðið eins og til stóð vegna Covid-19. Námskeiðinu var frestað til 2021.

Styrkir

- Nýsköpunarsjóður námsmanna
 1. Vasaorðabækur: styrkurinn fór beint til námsmannanna, tveir nemendur fengu tvo mannmánuði hvor, alls 4 mannmánuðir
 2. LARA: samstarfsverkefni við Árnastofnun, 3 mannmánuðir
- Tónlistarsjóður styrkti þýðingu nokkurra leikskólalaga á ÍTM
- Barnavinafélagið sumargjöf styrkti útgáfu handformaplakats
- Educational standards for Polish Sign Language (Menntunarstaðlar fyrir pólskt táknmál)
- Kópavogskaupsstaður, túlkun í tómstundar og menningarviðburðum



Sigurður Jóel Vigfússon og Nedelina Ivanova unnu í samstarfsverkefninu LARA fyrir hönd SHH.



Fræðsla og fyrirlestrar



Starfsfólk Samskiptamiðstöðvar hélt fræðslukvöld fyrir foreldra táknmálsbarna, veitti einstaklingsfræðslu, hélt staka fyrirlestra og fyrirlestra sem voru hluti af viðburðum og málstofum. Áætlaðir voru þrjú fræðslufundir fyrir foreldra en vegna Covid-19 var eingöngu einn haldinn. Árið 2020 var ekki eins og fyrri ár þegar heimsóknir fræðimanna á ýmsum sviðum voru tíðar.

- Ivanova, N. and Koulidobrova, E. 2020. The influence of bilingual native immigrant signers on development of Icelandic Sign Language. 34. Annual Meeting of the Linguistic Society of Iceland, Reykjavik, January 2020.
- Koulidobrova, E. & Ivanova, N. 2020. Bimodal bilinguals behave almost like unimodal bilinguals. Linguistic Diversity and Linguistics Modalities: New Perspectives on Bimodal (Sign Language/Oral Language Bilingualism). University of Hamburg. March 2020.
- Koulidobrova, E. & Ivanova, N. 2020. Multilingual signers and multilingual signing: (Not so) unique findings. Language Acquisition Seminar. University of Edinburgh. February 2020.
- Koulidobrova, E. & Ivanova, N. 2020. Acquisition of phonology in child Icelandic Sign Language: Some unique findings. Annual Meeting of the Linguistic Society of America, New Orleans. January 2020.
- Ivanova, N. 2020. Tactile language: The essence. Tactile language webinar, Nordic Welfare Center, Stockholm, May 2020
- Nedelina Ivanova. 2020. SHH Í ÞRJÁTÍU ÁR:1990-2020 kennsla, **rannsóknir**, túlkun. 30 ára afmæli Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, desember 2020
- Árný Guðmundsdóttir. 2020. SHH Í ÞRJÁTÍU ÁR:1990-2020 kennsla, rannsóknir, **túlkun**. 30 ára afmæli Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, desember 2020
- Júlía G. Hreinsdóttir. 2020. SHH Í ÞRJÁTÍU ÁR:1990-2020 **kennsla**, rannsóknir, túlkun. 30 ára afmæli Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, desember 2020
- Árný Guðmundsdóttir. 2020. Túlkun fyrir börn. Fræðsluerindi fyrir foreldra táknmálstalandi barna. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, febrúar 2020.



- Nedelina Ivanova. 2020. Fræðsla fyrir sérkennslustjóra leikskólans Sólborgar um táknmálstalandi börn og frávik í málþroska. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, febrúar 2020.

Söfnun þekkingar

- Júlía G. Hreinsdóttir skráði eigin kennslu á háskólastigi. Hún lýsti 103 kennslustundum í smáatriðum.
- Ferlið með Holtaskóla var skráð ítarlega og lokaskýrsla búin til. Lokaskýrslan var í tveimur útgáfum, önnur til opinberrar skjalavörslu og hin til eignar á SHH.

Júlía G. Hreinsdóttir fagstjóri táknmáls flytur fyrirlestur um kennslu, rannsóknir og túlkun, á 30 ára afmælishátíð SHH.

Útgefið efni

Starfsfólk Samskiptamiðstöðvar sinnir fræðigreinaskrifum samhliða rannsóknavinnu og kennslu. Ein fræðigrein kom út á árinu:

Koulidobrova, E. & Ivanova, N. 2020. Acquisition of phonology in child Icelandic Sign Language: Some unique findings. In Proceedings of Annual Meeting of the Linguistic Society of America, New Orleans. January 2020.



Táknmálskennsla



Meginmarkmið kennslu íslensks táknmáls og námsefnisgerðar er að skapa skilyrði til máltöku fyrir börn sem fæðast heyrnarlaus eða heyrnarskert með það að markmiði að þau nái fullri málfærni í íslensku táknmáli og fullum skilningi á því. Jafnframt er kennslunni ætlað að stuðla að almennri táknmálsþekkingu meðal þeirra sem nota íslenskt táknmál til tjáningar og samskipta og aðila sem veita þeim þjónustu, þannig að samskipti þeirra verði svo auðveld og árangursrík sem kostur er.

Kennsla fyrir fjölskyldur

Fjölskyldunámskeið sækja táknmálsbörn ásamt fjölskyldum sínum. Kennt var fyrsta laugardag hvers mánaðar níu sinnum á árinu frá kl 8:00-13:00, til að byrja með. Um 20-30 fullorðnir einstaklingar mættu í hvert skiptið ásamt 15-20 börnum og aldurshópurinn er mjög breiður. Þegar sóttvarnarráðstafanir leyfðu var námskeiðið haldið á Leikskólanum Sólborg. Þátttakan var jöfn og góð. Kennt var frá febrúar fram í júní og frá september fram í desember. Þessi kennsla eins og önnur var færð yfir í fjarkennslu og um leið var tímum fækkað niður úr þremur í tvo þar sem erfitt er að halda einbeitingu í fjarkennslunni. Fjarkennslan gekk samt ágætlega en fyrirkomulagið hentaði ekki öllum fjölskyldum.

Fullorðnum var skipt í hópa eftir getu, byrjendahóp, miðhóp og framhaldshóp. Þrír til fjórir starfsmenn sáu um barnahópinn en hann vann ýmis verkefni fyrir ólíkan aldur og tengdust ÍTM. Þó voru ekki barnahópar þegar fjarkennsla stóð yfir.

Þá stóð yfir vinna við kaup og aðlögun á námsefni frá Hollandi fyrir fjölskyldukennsluna en ekki náðist að fá efnið afhent á árinu vegna Covid-19.

Um haustið var boðið upp á opin spjallkvöld fyrir fjölskyldur einu sinni í viku í tvo tíma í senn. Þau voru ekki vel sótt af fjölskyldum og því ákveðið að hætta þeim.

Reglulegar heimsóknir voru farnar til sjö fjölskyldna barna með skerta heyrn, þar fór fram ráðgjöf og kennsla í íslensku táknmáli, ekki búa allar fjölskyldurnar á höfuðborgarsvæðinu. Heimsóknum fækkaði úr tólf í sjö milli ára en snemmtækri íhlutun lauk hjá nokkrum fjölskyldum. Táknmáls- og snertitáknmálskennsla fyrir tvo fullorðna einstaklinga fór fram á árinu.



Skólabjónusta



Tveggja ára samningi við Reykjanesbæ um skólabjónustu fyrir tvo nemendur til tveggja ára lauk með útskrift í maí. Skólastarfið skiptist niður á nokkra starfsmenn eftir fögum og voru nemendur á Samskiptamiðstöð fjóra daga vikunnar, fimm tíma í senn. Gríðarlegur undirbúningur fylgdi þessu umfangsmikla verkefni og þar sem það námsefni sem til var hentaði ekki alltaf þurfti ýmist að aðlaga námsefnið að nemendunum eða útbúa það frá grunni. Verkefnið gekk í heildina mjög vel og allir sem komu að því, nemendur, aðstandendur, kennarar og stjórnendur, voru virkilega ánægðir með hverju það skilaði.

Gaman saman

Á árinu komu vikulega táknmálstalandi börn á grunnskólaaldri í málörvun í Gaman saman á SHH. Einu sinni í mánuði bættust auk þess táknmálstalandi leikskólabörn í hópinn. Um haustið var fyrirkomulaginu breytt þannig að börnin komu einu sinni í mánuði í Gaman saman og kennarar Samskiptamiðstöðvar fóru einu sinni í mánuði í Hlíðaskóla með táknmálsstund fyrir börnin. Þetta eins og allt annað breyttist þó þegar Covid skall á okkur og við færðum alla kennslu yfir í fjarkennslu. Það gekk vonum framár þó svo að við kjósum alltaf staðkennsluna framyfir.



Uldis Ozols táknmálkennari í kennslustund í gegnum fjarfundabúnað



Táknmálsnámskeið fyrir almenning



Boðið var upp á táknmálsnámskeið í hádeginu tvisvar sinnum á viku. Fyrirkomulaginu var breytt vegna Covid-19 faraldursins og kennslan fór því fram í gegnum fjarfundarbúnað. Nemendur voru fljótir að aðlagast því fyrirkomulagi. Starfsfólk okkar öðlaðist reynslu og þekkingu sem skilar sér í aukinni þjónustu í fjarfundarlausnum í kennslu framvegis. Sjö hópar fengu kennslu í hádeginu tvisvar sinnum í viku á haustmísserinu, námskeiðin Tákn 1, Tákn 2 og Tákn 3. Almenn ánægja var með þetta fyrirkomulag hjá viðskiptavinum og fólk sem starfar í þjónustu við táknmálstalandi fólk sótti frekar námskeiðin á vinnutíma en auk þess var þetta hagkvæmari kostur fyrir stofnunina.

Önnur kennsla

Gott samstarf var við íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands eins og undanfarin ár. Starfsfólk Samskiptamiðstöðvar sá um kennslu í grunnnámi í táknmálsfræði bæði á vor- og haustönn; færninámskeið á fyrsta ári og námskeið í táknmálstúlkun á þriðja ári.

Nemar í táknmálstúlkun fengu verklega þjálfun hjá starfsmönnum Samskiptamiðstöðvar. Þeir sóttu kennslu bæði í háskólanum og á Samskiptamiðstöð. Námsver nemenda var á Samskiptamiðstöð og höfðu þeir þar með aðgang að kennurum, öðru starfsfólki stöðvarinnar auk aðgengis að stúdíói vegna upptökuverkefna. Þegar líða fór á vorönnina færðist öll okkar háskólakennsla yfir í fjarkennslu og gekk það vonum framar. Á haustönn fór öll kennsla í táknmálsfræði fram í staðkennslu.

Öll táknmálskennsla í framhaldsskólum var færð yfir í fjarkennslu þegar leið á vorönn. Á haustönn ákvað Kvennaskólinn að kenna valfög alfarið í fjarkennslu þar sem valfögin ganga þvert á nemendahópinn. MH byrjaði í staðkennslu en færði sig svo yfir í fjarkennslu fljótlega. Sama á við um Flensborg.

Gott samstarf á milli leikskólans Sólborgar og Samskiptamiðstöðvar hélt áfram og starfsfólk okkar sá um kennslu í íslensku táknmáli fyrir starfsfólk Sólborgar sem og um táknmálsstund (yndislestur) fyrir táknmálsbörnin. Í staðinn fengum við afnot af húsnæði Sólborgar þar sem við buðum upp á fjölskyldunámskeiðin. Þegar leið á vorönn þurftum við að hætta kennslu í Sólborg þar sem sóttvarnareglur komu í veg fyrir að við gætum verið þar.



Kennsla í grunnskólum Reykjavíkur



Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna í mars 2019 var lögð fram tillaga frá ungmennaráði Breiðholts um að borgarstjórn feli skóla- og frístundaráði að innleiða táknaðskennslu í alla grunnskóla Reykjavíkurborgar. Ákveðið var að bjóða upp á kennslu í íslensku táknaði skólaárið 2020 -2021. Verkefnið var styrkt af Sprotasjóði. Öllum grunnskólum í Reykjavík með 8. - 10. bekk var boðið að taka þátt í verkefninu með því að bjóða upp á valnámskeið í táknaði fyrir nemendur í 8. - 10. bekk. Stefnt var að því að bjóða upp á eitt námskeið í hverju hverfi eða samtals 5 námskeið. Allir kennarar í þessum námskeiðum voru á vegum Samskiptamiðstöðvar.

Samkomutakmarkanir og sóttvarnarráðstafanir höfðu vissulega áhrif á framkvæmd verkefnis. Ekki reyndist unnt að bjóða upp á sameiginleg valnámskeið í hverfum þar sem blöndun nemendahópa milli skóla var ekki heimiluð á tímabili, heldur var þeim skólum þar sem mestur áhugi var meðal nemenda boðið að taka þátt í námskeiðunum. Kennararnir okkar fengu heimild til að koma í þátttökuskólana og kenna á námskeiðunum í hverjum skóla fyrir sig, í einstaka tilfellum og í skamman tíma var kennslan færð yfir í fjarkennslu.

Að endingu fór það því svo að á haustönn 2020 voru þátttökuskólarnir sex, þrír í Beiðholti, einn í Úlfarsdal og tveir í Grafarvogi. Hvert námskeið var 18 skipti eða 36 kennslustundir.

Vinnustaðanámskeið

Á árinu voru vinnustaðanámskeið í algjöru lágmarki vegna samkomutakmarkana. SHH sá um kennslu í Hlíðaskóla fyrir starfsfólk þar. Sú kennsla varð frekar endasleppt þar sem Covid-19 skall á og Hlíðaskóli eins og aðrar stofnanir skelltu í lás fyrir utanaðkomandi aðila. Við færðum okkur því yfir í fjarkennslu þar líkt og annar staðar. Einnig vorum við með Táknaðsstund í Hlíðaskóla fyrir táknaðsbörnin þar. Táknaðsstund er með svipuðu sniði og Gaman saman sem við höfum verið með á Samskiptamiðstöð. Það var einnig fært yfir í fjarkennslu og gekk það vonum framár.



Túlkabjónusta



Árið hófst hjá túlkabjónustunni líkt og áður en svo skall á heimsfaraldur sem hafði mikil áhrif á starfsemi hennar. Tilraunaverkefni okkar í fjartúlkun sem hafði áður hafði ekki fengið miklar undirtektir varð skyndilega raunveruleikinn. Starfsfólk hefur öðlast mikla tækniþekkingu á tímabilinu og hefur lært á hin ýmsu fjarfundarforrit líkt og viðskiptavinir okkar. Við erum viss um að óskað verði eftir fjarþjónustu í auknum mæli á komandi árum. Túlkabjónustan var fartölvuvædd sem var til mikilla bóta í breyttum vinnuaðstæðum og heimavinna var hluti af vinnufyrirkomulagi í samkomubanni. Eftirspurn eftir túlkum minnkaði fyrri hluta árs en jókst seinni helming ársins. Því var unnið að ýmsum öðrum verkefnum sem ekki hafði verið hægt að sinna áður. Þetta eru verkefni eins og túlkun fyrir börn, fréttatúlkun, túlkun í atvinnulífínu, söfnun tákna á SignWiki og fleira.

Túlkar voru mentorar fyrir túlkanema á vorönninni. Umsjónartúlkar héldu utan um þjálfunina og héldu reglulega fundi með þeim. Nemar fylgdu reyndum túlkum í fjölbreytt túlkaverkferni þannig fá þeir innsýn í eðli starfsins.

Nauðsynlegt er að halda nýmönnun á sviðinu og því hófu þrír túlkar störf um haustið, þar af tveir nýútskrifaðir. Starfslok og fæðingarorlof gáfu aukið rými til ráðninga.

Sýnileiki táknmálstúlkunar jókst mikið á árinu en auk þess voru túlkar fyrst nafngreindir á Almannaþingfundum eftir ábendingar frá almenningi. Allir upplýsingafundir Almannaþingar hafa verið táknmálstúlkaðir frá upphafi á aðalrás RÚV og því sýnilegt öllum landsmönnum. Aðalfréttatímar RÚV voru allir túlkaðir frá mars fram í maí og einnig voru upplýsingafundir ríkisstjórnarinnar flestir túlkaðir. Ýmsar útsendingar hjá RÚV voru túlkaðar til dæmis ávarp forseta Íslands 1. janúar, hátíðarhöld 1. maí og 17. júní, innsetning forseta Íslands í embætti, ávarp hans 1. desember og ávarp forsætisráðherra 31. desember.



Iðunn Bjarnadóttir táknmálstúlkur Samskiptamiðstöðvar túlkar upplýsingafund ríkisstjórnarinnar.



Á árinu 2020 voru túlkaðar 6.400 stundir sem eru 691 stund minna en á árinu 2019. Ekki var unnt að sinna 184,5 stundum á árinu. Eftirspurn eftir túlkaþjónustu dróst verulega saman á flestum sviðum sem skýrist að miklu leyti af samkomutakmörkunum vegna Covid-19. Samhliða því jókst þó krafa frá táknmálssamfélaginu um rýmri afgreiðslutíma myndsímatúlkunar og fjartúlkun þar sem hana var hægt að veita án þess að fólk kæmi saman.

Samvinna við Neyðarlínuna hélt áfram og fóru túlkar í 30 neyðarútköll á árinu af 32 sem bárust. Túlkaþjónusta Samskiptamiðstöðvar fundaði reglulega með Félagi heyrnarlausra og var forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar í góðu samstarfi við forsvarsmenn félagsins vegna lagalegrar skilgreiningar á rétti táknmálstalandi fólks til myndsímatúlkunar m.t.t. alþjónustuhugtaksins í lögum um fjarskipti. Túlkarunni unnu að því að kanna ýmis erlend myndsímatúlkunarforrit svo sem Kara connect.

Útköll á árinu:

32

Túlkar SHH sinntu þar af:

30



Túlkaðar stundir árið 2020:

6.400

Ekki unnt að sinna:

184.5
stundum



Notkun á túlkajónustu



Öll túlkajónusta á árinu dróst saman og öll félagsleg þátttaka var minni. Fjartúlkun hins vegar jókst á öllum sviðum. Tæpur helmingur allrar táknmálstúlkunar sem stofnunin sinnir varðar nú endurgjaldslausa túlkajónusta í daglegu lífi. Eftirspurn eftir túlkun í framhaldsskólum var svipuð milli ára. Háskólatúlkun á seinni hluta árs var svipuð milli ára.

Túlkajónustu Samskiptamiðstöðvar er kunnugt um að, þrátt fyrir aukingu á eftirspurn eftir túlkun í atvinnulífi á undanförunum árum, er þar einnig falin eftirspurn sem skilar sér ekki í túlkunarbeiðnum af hálfu vinnuveitenda. Félag heyrnarlausra er einnig meðvitað um þetta en mikilvægt er að vinnuveitendur séu upplýstir um rétt táknmálstalandi fólks til tjáningar og samskipta á íslensku táknmáli í gegnum táknmálstúlk ef viðmælendur tala ekki sama málið. Gera má ráð fyrir að eftirspurn eftir túlkun í atvinnulífi aukist enn á næstu árum ásamt myndsímatúlkun og fjartúlkun á öllum sviðum. Félag heyrnarlausra ásamt forstöðumanni SHH var í samskiptum við Póst og fjarskiptastofnun varðandi framtíðaráform myndsímatúlkunar.

Almannavarnir óskuðu eftir táknmálstúlkun á upplýsingafundum sínum og voru alls túlkaðir um 150 fundir árið 2020.




Anna Dagmar Danielsdóttir táknmálstúlkur túlkar fréttatíma RÚV.



Sundurliðun verkefna

Túlkun á árinu 2020 skiptist eftir eðli verkefna á eftirfarandi hátt:



Túlkun í skólum **1317**

Þar af:

Framhaldsskólar 1220

Háskólar 97

Aðrir skólar 0

Endurgjaldslaus tulkajónusta í daglegu lífi **2886**


Heilbrigðistúlkun **908**

Ýmis önnur túlkun **1309**

Þar af styrkir 47

Samtals **6400**

Samanburður milli ára






Á árinu fékk túlkabjónustan styrk frá Kópavogsbæ til að túlka á tómstunda- og menningarviðburðum og fellur sú túlkun undir ýmsa túlkun ásamt túlkun við kirkjulegar athafnir, túlkun hjá félagsbjónustum sveitarfélaga og ýmissar annarrar túlkunar sem greidd er af stofnunum og fyrirtækjum.

Endurgjaldslaus túlkabjónusta í daglegu lífi

Fjármagn til endurgjaldslausrar túlkabjónustu í daglegu lífi var 34,2 m.kr. á árinu 2020 eða áætlaðir 3375 túlkaðir tímar miðað við gjaldskrá Samskiptamiðstöðvar. Veitt var túlkun í 2866 tíma var fengið leyfi frá MRN til að færa fjármagn vegna þeirra tíma sem ekki voru nýttir í túlkun í daglegu lífi yfir á 2021. Mest var túlkað í verkefnum í myndsímatúlkun en opnunartíminn var rýmkaður og svo var nokkuð jafnt í verkefnum tengdri atvinnu og félagslegri þátttöku eins og sést á meðfylgjandi mynd.



Endurgjaldslaus túlkabjónusta, flokkuð eftir tegund verkefna



Myndsímatúlkun




Myndsímatúlkun er greidd af framlagi til endurgjaldslausrar tálkaþjónustu. Opnunartími var rýmkaður og er virka daga kl. 9–16 og tveir starfsmenn sinna þjónustunni í hlutastarfi utan höfuðborgarsvæðisins. Þegar biðtími er langur sinna fleiri samtímis þjónustunni. Tekin var ákvörðun að að hafa opnun 9. 13. mars til prufu kl 19–21 vegna fyrirspurna sem átti að beina í síma 1700 vegna heilbrigðisþjónustu en hann var mjög lítið nýttur. Vegna sumarleyfa var opnunartími stytur í júlí frá 10–14 alla daga en það var einnig gert um jólahátíðina.

Á árinu 2020 voru túlkuð 6028 símtöl eða 901 símtali fleira en árinu á undan, að meðaltali túlkað 23,2 símtal hvern opnunardag en það var 21 símtal árið áður. Aukningin má rekja beint til heimsfaraldurs og samgöngutakmarkana og lokunar á fyrirtækjum og stofnunum.

Myndsímatúlkun er lang mest notuð til þess að afla upplýsinga, vegna ýmiss konar þjónustu og viðskipta. Þá er myndsímatúlkun mikilvæg vegna heilbrigðisþjónustu. Aukning var á símtölum tengdri upplýsingagjöf ýmiskonar ásamt samskiptum við fjármálastofnanir enda voru þær lokaðar stóran hluta ársins.

Stofnunin er stolt af því að geta veitt þessa mikilvægu þjónustu og mikil ánægja er með hana. Hér má sjá hvernig þjónustan er notuð.


	2020	2019
Heilbrigðisþjónusta	755	745
Túlkur í tösku	21	16
Viðskipti og fjármál	1169	892
Upplýsingar og þjónusta	2890	2573
Fjölskylda og vinir	263	172
Atvinna	316	396
Lögfræðingar	30	39
Textatúlkun	502	245
Aðrir til táknmálstlandi fólks	55	48
Símtöl í 1700	27	0



Anna Dagmar Daniélsdóttir táknmálstúlkur við störf í myndsímatúlkun



Fjöldi símtala á mánuði



Dróun myndsímatúlkunar, fjöldi símtala á mánuði árin 2010, 2014, 2019 og 2020.



Fjartúlkun



Fjartúlkun er fyrirfram pöntuð túlkabjónusta sem fer fram í gegnum fjarfundaforrit. Samkomutakmarkanir og lokanir hjá fyrirtækjum og stofnunum urðu til þess að fjartúlkunin varð vinsælli og þarfari en áður. Það er trú okkar að á komandi árum verði þessi túlkunaraðferð notuð mun meira en verið hefur.

Þróun á veittri þjónustu

Frá árinu 2000 til 2014 fjölgaði túlkuðum tímum árlega og náði hámarki um 2015 en eftir það hefur þeim fækkað umtalsvert. Túlkar hafa ráðið sig á vinnustaði þar sem túlkanotendur starfa einnig og sinna túlkun sem áður var pöntuð hjá SHH. Þá er túlkun sem áður var að miklu leyti pöntuð hjá SHH, t.d. á háskólastigi, einnig sinnt í verktöku. Þá hefur aukning í notkun myndsímatúlkunar einnig veruleg áhrif á fjölda beiðna. Margt að því sem áður krafðist túlkabeiðni sem taldi að lágmarki sem ein klukkustund þótt túlkun tæki skemmri tíma fer nú fram í gegnum myndsímatúlkun. Þar með fækkar beiðnum og ferðum vegna túlkunar sem nú er hægt að leysa á hagkvæmari hátt.

Tímar á ári



Ár	Tímar á ári
2000	5880
2005	5538
2010	10403
2015	11807
2016	11069
2017	9714
2018	8110
2019	7091
2020	6400

Túlkaðir tímar á ári frá árinu 2000 til 2020



Önnur þjónusta



Samskiptamiðstöð sinnir ýmiss konar annarri þjónustu sem tengist íslensku táknmáli. Sú þjónusta mótast og þróast í takt við eftirspurn viðskiptavina og beiðnir annarra stofnana.

Táknmálsfræðinemar á 1. ári fengu fjarkynningu á stofnuninni þetta árið.

Þýðingar og táknasöfnun á SignWiki

Ævintýrið um Augastein eftir Felix Bergsson var þýdd og sett inn á SignWiki. Mikil ánægja var meðal notenda með framtakið. Einn kafli var sýndur á dag í gegnum facebook síðu stofnunarinnar frá 1. desember til aðfangadags.

Þrjú útvarpsþættir voru þýddir á árinu í tengslum við dag Íslenska táknmálsins það voru:

Viðtal við Valgerði Stefánsdóttur úr þættinum Orð af orði



Viðtal við Hólmfríði Þóroddsdóttur úr Síðdegisútvarpinu



Úr ævi og starfi íslenskra kvenna: Margrét Rasmus



Skjámynd Árnýju Guðmundsdóttur flytja táknmálsútgáfu bókarinnar Ævintýrið um Augastein.



Styrkur fékkst frá Tónlistarsjóði í umsjá Rannís til að þýða nokkur sönglög yfir á ÍTM. Táknmálstúlkar á Samskiptamiðstöð þýddu og fluttu þýðingarnar. Áframhaldandi samstarf var milli leikskólans Sólborgar og Samskiptamiðstöðvar í verkefninu. Sönglöggin má finna á SignWiki á slóðinni: Sönglög

Öll tákn sem ekki eru þegar í orðabókinni á SignWiki þegar þýðingarvinna stendur yfir á Samskiptamiðstöð eru sett inn samhliða henni. Þá skrá táknmálstúlkar einnig inn tákn sem þeir nota í túlkun, einna helst vegna túlkunar á háskólastigi og í atvinnulífinu. Um er að ræða bæði gömul tákn og nýyrði, fagtákn og almenn tákn. Mikil táknavinna fór fram vegna Covid faraldursins og afrakstur þeirrar vinnu má sjá á Covid síðu signWiki: COVID-19 táknasafn. Þýddir voru upplýsingartextar á heimasíður nokkurra stofnana, þar á meðal upplýsingavefur Covid.is að hluta.

Þverfaglegt samstarf

Samstarfsverkefni við Hlíðaskóla og Leikskólann Sólborg héldu áfram á árinu. Tveir umræðuhópar voru starfandi; málfræðihópur og túlkunarhópur. Tilgangur samstarfsverkefnisins var að skapa vettvang fyrir umræður um þjónustu við börn sem tala ÍTM á viðkomandi sviði með viðkomandi sérfræðingum frá ólíkum stofnunum. Tveir fundir voru haldnir í málfræðihópi og tveir í túlkunarhópi.

Samstarf í þverfaglegu teymi stofnana sem starfa fyrir einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu hélt áfram á árinu. Samskiptamiðstöð hefur tvo fulltrúa í því teymi.

Samstarf í norrænu teymi um samskipti í gegnum snertimál hélt einnig áfram á árinu.

Starfsmaður Samskiptamiðstöðvar vinnur fyrir Málnefnd um íslenskt táknmál í 20% stöðugildi sem ritari hennar og Samskiptamiðstöð hefur séð um fjármál nefndarinnar frá upphafi.



Starfsfólk við lok árs 2020

Anna Dagmar
Daníelsdóttir



túlkaþjónusta

Arnar
Ægisson



táknmálssvið

Arnþrúður
Jónsdóttir



táknmálssvið

Auður
Sigurðardóttir



túlkaþjónusta

Árný
Guðmundsdóttir



táknmálssvið
túlkaþjónusta

Eva Rún
Guðmundsdóttir



túlkaþjónusta

Eyrún Helga
Aradóttir



sviðsstjóri
táknmálssvið

Fanney
Ingólfssdóttir



aðstoðarforstöðumaður

Gerður Sjöfn
Ólafsdóttir



sviðsstjóri
túlkaþjónusta

Hólmfríður
Þóroddsdóttir



táknmálssvið

Iðunn Ása
Óladóttir



túlkaþjónusta

Iðunn
Bjarnadóttir



túlkaþjónusta

Júlía Guðný
Hreinsdóttir



táknmálssvið

Kristbjörg
Helga S. Cooper



túlkaþjónusta

Kristín Lena
Þorvaldsdóttir



forstöðumaður



Starfsfólk við lok árs 2020 frh.

Lilja Óluf
Þórhallsdóttir



táknmálssvið

Lína Hrönn
Þorkeldsdóttir



túlkapjónusta

Margrét Gígja
Þórðardóttir



táknmálssvið

Nedelina
Ivanova



táknmálssvið

Sara
Snorradóttir



túlkapjónusta

Sigurður Jóel
Vigfússon



túlkapjónusta

Sólrún Birna
Snæbjörnsdóttir



táknmálssvið

Steinunn Birna
Jónsdóttir



túlkapjónusta

Svava
Jóhannesdóttir



táknmálssvið

Tómas Ásgeir
Evertsson



táknmálssvið

Uldis Ozols



táknmálssvið

Unnur Ósk
Unnsteinsdóttir



túlkapjónusta

Vilborg Friðriksdóttir



táknmálssvið

Þóra Lind
Þórsdóttir



túlkapjónusta